

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1022/2008

2011/EES/68/29

frá 17. október 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir heildarstyrk rokgjarnra niturbasa (TVB-N) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

allar ferskar lagarafurðir um leið og unnt er eftir löndun og geyma þær við hitastig bráðnandi íss skv. III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 11. gr.,

- 4) Ef lagarafurðir, sem eru í heilu lagi og meðhöndlaðar í slíkum skipum, eru notaðar beint við tilreiðslu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, er heimilt að vinna hráefnið án kælingar í allt að þrjátíu og sex klukkustundir eftir veiði eða löndun aflans um borð í skipið, að því tilskildu að lagarafurðirnar standist enn viðmiðanir um ferskleika.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að stjórnendur matvælaþyrirtækja skuli annast markvisst eftirlit til að koma í veg fyrir að lagarafurðir, sem óhæfar eru til manneldis, séu settar á markað. Eftirlitið nær einnig til viðmiðunarmarkna fyrir heildarstyrk sem rokgjarnir niturbasar mega ekki fara yfir.
- 2) Í I. kafla II. þáttar II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tiltekna afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽²⁾ er mælt fyrir um viðmiðunarmörk fyrir heildarstyrk rokgjarnra niturbasa (TVB-N) fyrir tiltekna flokka lagarafurða og þær greiningaraðferðir sem ber að nota.
- 3) Þegar afla er landað úr skipum, sem ekki eru hönnuð og útbúin með það að markmiði að verja ferskar lagarafurðir skemmdum í meira en sólarhring, skal kæla

- 5) Því er rétt að mæla fyrir um almenn viðmiðunarmörk fyrir heildarstyrk sem rokgjarnir niturbasar mega ekki fara yfir í þeim tegundum fiska sem notaðar eru til beinnar framleiðslu á fisklýsi, sem ætlað er til manneldis, þegar sá möguleiki verður fyrir valinu.
- 6) Vegna breytileika hjá mismunandi tegundum er e.t.v. rétt að mæla fyrir um hærri viðmiðunarmörk heildarstyrks rokgjarnra niturbasa fyrir tiltekna tegundir. Á meðan þess er beðið að hærri viðmiðunarmörk fyrir heildarstyrk rokgjarnra niturbasa séu samræmd á vettvangi Bandalagsins skal aðildarríkjunum heimilt að beita landsbundnum viðmiðunarmörkum fyrir tiltekna tegundir að því tilskildu að fiskurinn standist enn viðmiðanir um ferskleika.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 í samræmi við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 18.10.2007, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 1. liðar I. kafla II. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005:

- „1. Ef skynmat verður til þess að vafi leikur á um ferskleika óunninna lagarafurða skulu þær taldar óhæfar til manndis ef efnafræðilegt eftirlit leiðir í ljós að heildarstyrkur rokkgjarnra niturbasa er kominn yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:
- a) 25 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 1. lið II. kafla,
 - b) 30 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 2. lið II. kafla,
 - c) 35 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 3. lið II. kafla,
 - d) 60 mg af köfnunarefni/100 g af lagarafurðum sem eru í heilu lagi og notaðar beint við tilreiðslu fisklýsis, sem ætlað er til manndis, eins og um getur í annarri undirgrein 1. liðar B-hluta IV. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004; ef hráefnið samræmist a-, b- og c-lið 1. liðar B-hluta fyrrnefnds kafla er aðildarríkjunum hins vegar heimilt að setja hærrí viðmiðunarmörk fyrir tiltekna tegundir meðan þess er beðið að sett verði sértæk löggjöf Bandalagsins.

Tilvísunaraðferðin, sem nota skal til að hafa eftirlit með heildarstyrk rokkgjarnra niturbasa, felur í sér að eimaður er prótínlus perklórsýruútdráttur sem lýst er í III. kafla.“
